



TIL: Nefndarsviðs Alþingis

Hólar í Hjaltadal, 20. mars 2023

Umsögn Háskólans á Hólum um tillögu til þingsályktunar um fjarnám á háskólastigi, 111. mál.

Háskólinn á Hólum fagnar því að Alþingi álykti að fela háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra að skipa starfshóp til að vinna aðgerðaáætlun um frekari eflingu fjarnáms með áherslu á þróun stafræna kennsluhátta á háskólastigi.

Háskólinn á Hólum hefur verið meðal leiðandi háskóla í þróun fjarnáms hér á landi og var meðal þeirra fyrstu til að bjóða stök námskeið og heilar námsleiðir í fjarnámi. Lagður hefur verið mikill metnaður og vinna í að þróa aðferðir í kennslu og námsmati í fjarnámi og þróa staðbundnar lotur til að efla enn frekar upplifun, þekkingaröflun nemenda og tengslanet.

Áralöng reynsla af fjarkennslu hefur sýnt fram á mikilvægi slíks námsframboðs fyrir þróun atvinnugreina til að efla tækifæri allra hópa til náms. Reynslan hefur einnig sýnt að það að breyta staðnámi í fjarnám getur aldrei snúist eingöngu um það að bjóða sama nám með "sama" hætti í gegnum netið. Covid tímabilið sýndi þetta glögglega. Afar brýnt er að námsefni, kennsluaðferðir og námsmat sé þróað sérstaklega með fjarkennslu í huga og þarfir nemenda sem stunda fjarnám. Fjarnám eflir sjálfstæð vinnubrögð nemenda en kallar jafnframt á sérstakar kennsluaðferðir, tæknilausnir og stuðning við nemendur sem stunda slíkt nám. Fjarnám reynir að nokkru marki á aðra þætti en staðbundið nám og ekki er sjálfgefið að fjarnám henti öllum nemendum.

Félagslegi þátturinn og tengsl nemenda eru atriði sem vinna þarf sérstaklega með og hefur það verið gert markvisst meðal fjarnema við Háskólann á Hólum. Að sögn brautskráðra nemenda hefur það skilað þeim afar mikilvægum tengslum sem nýtast bæði meðan á námi stendur og að námi loknu.

Háskólinn á Hólum leggur til breytingu á umfjöllun um Háskólann á Hólum í tillögunni og leggur til að eftirfarandi texti verði notaður við umfjöllun á skólanum:

Námsframboð Háskólans á Hólum hjá ferðamálaeild og fiskeldis- og fiskalíffræðideild er allt í fjarnámi með staðbundnum lotum. Skólaárið 2022–2023 eru eftirtaldar námsleiðir í boði í sveigjanlegu námi eða fjarnámi: diplóma í viðburðastjórnun, diplóma í ferðamálafræði, BA í ferðamálafræði, BA í stjórnun ferðaþjónustu og móttöku gesta, MA í útivistarfræðum, MA í ferðamálafræði, diplóma í fiskeldisfræði, MS-nám í sjávar- og vatnalíffræði, MAR-BIO, samnorrænt meistaranám, og MS í hestafræðum. Sem fyrr vinnur Háskólinn á Hólum markvisst að frekari þróun fjarnáms og leitar leiða til að efla námstækifæri fyrir nýja hópa fólks. Það nýjasta í þeim efnum er þróun náms á ensku og í fjarnámi fyrir erlenda starfsmenn í ferðaþjónustu sem hingað til hafa haft takmörkuð tækifæri til náms við hæfi hér á landi. Í verkefninu nýtist vel sú viðamikla þekking sem til staðar er á þróun og framkvæmd fjarnáms við skólann. Fiskeldis- og fiskalíffræðideild vinnur að eflingu náms í lagareldi þvert á háskóla og hlaut til þess styrk frá Samstarfi háskóla. Þróaðar verða námslínur og námskeið, bæði á BS og MS stigi sem að hluta til verður kennt í fjarnámi. Hestafræðideild skólans vinnur að því að þróa nám í hestajárningum sem mun verða í fjarnámi með staðbundnum lotum. Þar fyrir utan hefur skólinn hug á því að bæta við námsleið í sjálfbærri byggðafræði í samvinnu við aðra háskóla, innlenda sem erlenda. Með því bætist við fjórða fræðasviðið sem mun gera skólanum kleift að bjóða uppá doktorsnám. Í dag er Háskólinn á Hólum er í samstarfi við Háskóla Íslands um rannsóknatengt doktorsnám og eru 9 doktorsnemar sem vinna við rannsóknir undir handleiðslu sérfræðinga við Háskólann á Hólum en eru skráðir í Háskóla Íslands. Háskólinn á Hólum vill leggja áherslu á að fræðasvið háskólans hafa mikla sérstöðu sem byggja undir mikilvægar atvinnugreinar, fiskeldi, ferðaþjónustu og hestamennsku og því gegnir háskólinn mikilvægu hlutverki í íslensku atvinnulífi.

Hólmfríður Sveinsdóttir, rektor

